



Háskólinn
á Akureyri

Ráðgjöf vegna innra mats í grunnskólum Akureyrar

Veturinn 2010-2011

Sólveig Zophoníasdóttir

6/6/2011

Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Markmið	4
Fræðileg umgjörð	4
Ráðgjöfin.....	5
Framvinda.....	6
Gögn sem bárust um innra mat frá grunnskólum á Akureyri.....	8
Ráðgjöf um innra mat til skóla	9
Innra mat í Brekkuskóla.....	9
Skólanámskrá	9
Starfsáætlun – árlegar áherslur og áætlun um innra mat.....	9
Matskýrsla – greinargerð um niðurstöður innra mats	10
Umbótaáætlun	10
Lokaorð.....	10
Innra mat í Giljaskóla.....	10
Skólanámskrá	10
Starfsáætlun – árlegar áherslur og áætlun um innra mat.....	10
Matskýrsla – greinargerð um niðurstöður innra mats	11
Umbótaáætlun	11
Lokaorð.....	11
Innra mat í Glerárskóla.....	12
Skólanámskrá	12
Starfsáætlun – árlegar áherslur og áætlun um innra mat.....	12
Matskýrsla – greinargerð um niðurstöður innra mats.....	13
Umbótaáætlun	13
Lokaorð.....	13
Innra mat í Hlíðarskóla	13
Skólanámskrá	13
Starfsáætlun – árlegar áherslur og áætlun um innra mat.....	14
Greinargerð - niðurstöður innra mats	14
Umbótaáætlun	14
Lokaorð.....	14
Innra mat Hríseyjarskóla	15
Skólanámskrá	15

Starfsáætlun – árlegar áherslur og áætlun um innra mat.....	15
Matskýrsla – greinargerð um niðurstöður innra mats	15
Umbótaáætlun	15
Lokaorð.....	16
Innra mat í Lundarskóla.....	16
Skólanámskrá	16
Starfsáætlun – árlegar áherslur og áætlun um innra mat.....	16
Matskýrsla – greinargerð um niðurstöður innra mats	17
Umbótaáætlun	17
Lokaorð.....	17
Innra mat Naustaskóla	17
Skólanámskrá	17
Starfsáætlun – árlegar áherslur og áætlun um innra mat.....	18
Matskýrsla – greinargerð um niðurstöður innra mats	18
Umbótaáætlun	18
Lokaorð.....	18
Innra mat í Oddeyrarskóla.....	19
Skólanámskrá	19
Starfsáætlun – árlegar áherslur og áætlun um innra mat.....	19
Matskýrsla – greinargerð um niðurstöður innra mats	19
Umbótaáætlun	20
Lokaorð.....	20
Lokaorð.....	20
Heimildaskrá.....	22

Inngangur

Haustið 2010 hafði Gunnar Gíslason fræðslustjóri Akureyrarbæjar samband við Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri (MSHA) og óskaði eftir samstarfi um ráðgjöf og stuðning við innleiðingu og framkvæmd innra mats í grunnskólum Akureyrar. Samkomulag varð um að Sólveig Zophoníasdóttir, sérfræðingur á MSHA, tæki ráðgjafarhlutverkið að sér. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir aðkomu MSHA frá sjónarhorni ráðgjafa.

Markmið

Í 36. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 er kveðið á um að hver grunnskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Markmið mats í grunnskólum er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Markmið ráðgjafa er að varpa ljósi á hvernig grunnskólum á Akureyri gengur að fylgja ákvæðum laga um innra mat eftir með því að fara yfir gögn skólanna um skipulag innra mats og leiðbeina þeim um næstu skref varðandi innra mat og eflingu matsmenningar innan skóla.

Fræðileg umgjörð

Mat hefur verið skilgreint sem ferli sem felur í sér kerfisbundna söfnun upplýsinga sem notaðar eru til að meta gæði þeirrar þjónustu sem veitt er. Í mati felst dómur um gildi þjónustunnar út frá skilgreindum viðmiðum (Sigurlína Davíðsdóttir, 2008). Formlegt mat hefur þau einkenni að trausta upplýsinga um þjónustu er aflað á kerfisbundinn hátt og á grundvelli þeirra eru gæði og gildi þjónustunnar metin. Markmið matsins er að aðstoða þá sem eiga hagsmuna að gæta við að greina hversu góð þjónustan er. Mat á skólastarfi getur haft verulegt gildi ef það er vel unnið. Matið eitt lagar þó ekkert ef ekki er farið eftir því sem þar kemur fram. Mat getur sýnt styrk- og veikleika skólastarfs og dregið fram það sem ekki virðist þola dagsljós – en það lagar ekki skólastarfið heldur fólkið sem vinnur við skólastarfið og tekur þær ákvarðanir sem geta bætt það sem bæta þarf (Sigurlína Davíðsdóttir, 2008).

Munurinn á innra og ytra mati hefur með stöðu matsaðila að gera. Komi matsaðilar að utan er talaðu um ytra mat en séu matsaðilar starfmenn í skólanum er talað um innra mat. Í ytra mati felst þátttaka starfsfólks skóla aðallega í að veita upplýsingar en í innra mati leitast skólinn við að meta starf sitt að hluta eða í heild og starfsfólkið tekur þátt í öllu matsferlinu. Starfsfólk skólans ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem þar fer fram og markmið matsins er að stuðla að umbótum á skólastarfinu, efla skólaþróun og matsmenningu (Björk Ólafsdóttir, án árs).

Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans, til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum hefur verið náð. Aðferðir við innra mat taka mið af þeim viðfangsefnum sem unnið

er að hverju sinni (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Innra mat skóla er markvisst fléttað saman við daglegt starf og nær til allra þátta skólastarfsins. Við kerfisbundið innra mat í skólum eru margar leiðir færar, til dæmis er hægt að beita þátttakendamiðuðu mati og starfendarannsóknum. Í þátttakendamiðuðu mati er áhersla lögð á mat þátttakendana sjálfra, þá sem nota þjónustuna, stunda nám við skólann fremur en þá sem veita þjónustuna. Þessari tegund mats er ætlað að skila upplifun og sjónarmiðum þeirra sem taka þátt, gildismati þeirra og þörfum. Til verða margvísleg gögn sem spretta úr daglegu starfi bæði meginleg og eigindleg, huglæg og hlutlæg. Aðferðir þátttakendamiðaðs mats hafa þann kost að draga athygli að mannlegum þætti í allri þjónustu, þær eru sveigjanlegar og taka mið af því samhengi sem þjónustan fer fram í. Allir hafa tækifæri til að segja frá sínu sjónarhorni á það sem meta á og leitast er við að nota matsgögn til þess að leysa vandamál á vettvangi (Sigurlína Davíðsdóttir, 2008). Með kerfisbundinni aðferð starfendarannsókna getur þátttakendamiðað mat og annað innra mat orðið markvisst og skilvirkt. Starfendarannsóknir eru lýðræðislegt þátttökufæri. Þær snúast ekki um að rannsaka eitthvað sem er, eða hefur gerst, heldur eru þær virk aðferð til þess að láta eitthvað gerast, meta afleiðingarnar og skapa nýjar aðstæður eða þekkingu. Áskorun rannsakandans/þátttakandans felst í að eiga hlutdeild í ferlinu og knýja það áfram en um leið að horfa á ferlið utanfrá með gagnrýnum og umbótasinnuðum hætti (Coghlan og Brannick, 2010). Starfendarannsóknir eru viðurkennd og árangursrík leið til að efla fagvitund og starfskenningu og þá um leið starfsvettvang (McNiff og Whitehead, 2006).

Eitt aðalsmerki góðra kennara er ígrundun í starfi. Ígrundun er stöðug sjálfsskoðun með það fyrir augum að bæta kennsluhætti sína og nám nemenda. Ígrundun er óaðskiljanlegur hluti þess að sinna starfi sínu vel og þróa þá sýn sem starfið byggist á. Hún þarf ekki að vera hluti af formlegu rannsóknarferli en er órjúfanlega tengd formlegum starfendarannsóknum þar sem gögnum er safnað og unnið skipulega úr þeim til að ígrundunin verði formlegri og markvissari (Jón Baldvin Hannesson, Rósa Eggertsdóttir og Rúnar Sigbórsson, 2002). Stofnanir sem líklegt er að skari framúr í framtíðinni ná að laða fram hlutdeild og hæfileika allra sem á vettvangi starfa til að læra á öllum sviðum stofnunarinnar. Það þýðir að allir sem hlut eiga að máli þurfa að vera undir það búnir að meta eigið starf í samstarfi við aðra á vettvangi og birta niðurstöður sínar fyrir gagnrýnum augum samstarfsfólks og almennings (McNiff og Whitehead, 2006). Starfendarannsóknir eru gagnlegt verkfæri fyrir kennara nemendur og annað starfsfólk skóla að kunna á til að meta gæði skólastarfi og næstu skref í umbótaferlinu.

Ráðgjöfin

Ráðgjöfin byggði á leiðbeiningum og viðmiðum fyrir sveitarfélög um innra mat grunnskóla, sjá <http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Leidbeiningar-og-vidmid-fyrir-eftirlit-med-innra-mati-lokaskjal.pdf>. Samkvæmt leiðbeiningunum hefur hugtakið *innra mat* leyst sjálfsmatshugtakið af hólmi. Grundvallaratriði innra mats er að það stuðli að umbótum sem bæti skólastarfið og efla skólaþróun. Mat gefur upplýsingar um hverju þarf að breyta eða bæta til að ná þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér. Sú vitneskja getur nýst til setja ákveðin verkefni í forgang og skipuleggja aðferðir til að koma á umbótum.

Leiðarljós innra mats í grunnskólum:

- Skólanámskrá
- Starfsáætlun

- Tímaáætlun
- Matsáætlun
- Greinargerð
 - Lýsing
 - Markmið og tilgangur mats
 - Aðferðir og framkvæmd
 - Viðmið
 - Sterkar og veikar hliðar
- Umbótaáætlun (mætti skýra hvað felst í henni, jafnvel stikkorð eins og hér framar.)

Leiðarljósin eða vörðurnar vísa leiðina í matsferlinu og mynda grind sem gefur upplýsingar um mat og matsferli.

Framvinda

Þann 31. janúar 2011 sendi fræðslustjóri Akureyrarbæjar Gunnar Gíslason bréf til skólastjóra í grunnskólum Akureyrar, þeirra Ágústs Jakobssonar, Bryndísar Valgarðsdóttur, Helgu Hauksdóttur, Hjörleifs Arnar Jónssonar, Jóhönnu Maríu Agnarsdóttur, Jóns Baldvins Hannessonar, Ólafs B. Thoroddsen, Úlfars Björnssonar, Þórhildar Helgu Þorleifsdóttur, Þórunni Björgu Arnórsdóttur. Í bréfinu kom fram að Sólveig Zophoníasdóttir sérfræðingur á Miðstöð skólaþróunar hefði tekið að sér fyrir hönd miðstöðvarinnar að fara yfir sjálfsmatsáætlanir grunnskóla á Akureyri og veita ráðgjöf eftir þörfum. Til að byrja með var þátttaka heldur dræm en með hvatningarbréfi til skólastjóra 11. febrúar fóru gögn að skila sér af krafti. Fyrstu gögn bárust frá skólum í janúar og þeim síðustu var skilað í mars en ekki bárust gögn frá öllum skólum. Skólastjórum var sent þakkar- og upplýsingabréf þann 17. febrúar.

Ágætu viðtakendur.

Takk fyrir gögnin sem borist hafa Miðstöð skólaþróunar HA um innra mat í grunnskólum Akureyrar.

Með þessu bréfi vil ég varpa ljósi á með hvaða hætti unnið er úr þeim.

Til leiðsagnar við þá vinnu höfum við heftið Innra mat grunnskóla - Leiðbeiningar og viðmið fyrir sveitarfélög í tengslum við innra mat grunnskóla eftir Björk Ólafsdóttur <http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Leidbeiningar-og-vidmid-fyrir-eftirlit-med-innra-mati-lokaskjal.pdf>.

Gögnin eru skoðuð og litið eftir hvort og með hvaða hætti upplýsingar um innra mat birtist í skólanámskrá, starfsáætlun (tímaáætlun og matsáætlun), umbótaáætlun og greinargerð um niðurstöður.

Á grundvelli þeirrar skoðunar verða til upplýsingar sem gefa vísbendingar um næstu skref varðandi skipulag og framkvæmd innra mats og er hlutverk ráðgjafarinnar að draga þau fram.














Ég vonast til þess að geta sent hverjum og einum skóla línu varðandi matið um mánaðarmótin næstu.

Með kveðju, Sólveig Z.

Fyrsti hluti ráðgjafarinnar fólst í að taka við fjölbreyttum gögnum um innra mat frá skólunum og bárust aðgerðaráætlanir, ársskýrslur, matsáætlanir, símenntunaráætlanir, sjálfsmatsáætlanir, sjálfsmatskýrslur, skorkort, umbótaáætlanir og vísanir í upplýsingar á vef skóla um innra mat. Því

næst voru gögnin skoðuð og til hliðsjónar hafðar leiðbeiningar frá sveitarfélögunum um innra mat skóla. Áhersla var lögð á að skoða innra mat í tengslum við skólanámskrá, starfsáætlun og umbótaáætlun viðkomandi skóla og í framhaldinu var staðan metin og bent á hvað mætti betur fara.

Gögn sem bærust um innra mat frá grunnskólum á Akureyri

<p>Brekuskóli Jóhanna María Agnarsdóttir skólastjóri</p>	 Sjálfsmatsáætlun Brekuskóla 2010-2011
<p>Giljaskóli Jón Baldvin Hannesson skólastjóri</p>	 Arsskýrsla Giljaskóla_2009-2010.pdf  Sjálfsmat - Verkaætlun 10-11_0.pdf  Umbótaáætlun Giljaskóla 2010-11_11.pdf
<p>Glerárskóli Úlfar Björnsson skólastjóri og Katrín Fjóra Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri</p>	 Sjálfsmatsskýrsla Glerárskóla 2009-2011  Drög að aðgerðaráætlun fyrir  Umbótaáætlun 2009.docx
<p>Grímseyjarskóli Hulda Signý Gylfadóttir skólastjóri</p>	
<p>Hlíðarskóli Bryndís Valgarðsdóttir skólastjóri</p>	 Sjálfsmat 2010-2011.docx
<p>Hríseyjarskóli Þórunn Björg Arnórsdóttir skólastjóri</p>	 Sjálfsmatsáætlun Hríseyjarskóla jan2011
<p>Lundarskóli Þórhildur Helga Þorleifsdóttir skólastjóri</p>	 Starfsáætlun 2010-2011.doc Áætlun um samstarf skóla og fjölskyldna 2010-2011 http://www.lundarskoli.akureyri.is/skjol/skjol_10-11/Áætlun%20um%20samstarf%20skóla%20og%20fjölskyldna%202010-2011.pdf Samstarfsáætlun Lundarskóla og leikskólanna http://www.lundarskoli.akureyri.is/skjol/almenn/Samstarfsaaetlun%20leik%20og%20grunn%202010-2011.pdf Stefnukort Lundarskóla http://www.lundarskoli.akureyri.is/skjol/skjol_09-10/Stefnukort%20Lundarskóla.pdf Matsskýrsla Lundarskóla 2008-2009 http://www.lundarskoli.akureyri.is/skjol/skjol_09-10/Matsskyrsla_Lundarskóla_2008-2009.pdf
<p>Naustaskóli Ágúst Frimann Jakobsson skólastjóri</p>	 Skorkort Naustaskóla.xls  Sjálfsmatsáætlun Naustaskóla.docx
<p>Oddeyrarskóli Helga Hauksdóttir skólastjóri</p>	 matsáætlun Oddeyrarskóla 2010-
<p>Síðuskóli Ólafur B. Thoroddsen skólastjóri</p>	Búinn að hafa samband bréfleiðis 31.01.2011
<p>Tónlistarskólinn á Akureyri Hjörleifur Örn Jónsson skólastjóri</p>	

Ráðgjöf um innra mat til skóla

Í lok apríl var skólastjórum og/eða aðstoðarskólastjórum hvers skóla sem tók þátt send skýrsla um stöðu innra mats miðað við gögnin og með hvaða hætti mætti bregðast við til umbóta. Hér í framhaldinu eru skýrslurnar sem sendar voru skólunum.

Innra mat í Brekkuskóla

Í sjálfsmatsáætlun Brekkuskóla 2010–2016 birtist grind að skipulagi innra mats í Brekkuskóla. Á vef Brekkuskóla kemur fram að í tengslum við innra mat er sérstök áhersla lögð á námsmat. Jafnframt er unnið að sjálfsmatskýrslu sem gildir til ársins 2012 og er áformað að hún birtist á vefnum.

Skólanámskrá

Hlekkur á stefnu og sýn Brekkuskóla (skólanámskrá).

http://brekkuskoli.is/is/page/skolinn_skolanamskra

Í skólanámskrá á að fjalla um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt og gera grein fyrir tengslum innra matsins við skólanámskrá (hvernig markmið hennar eru metin).

- a) Er í skólanámskrá gerð grein fyrir hvernig staðið er að innra mati í skólanum? Nei, en fram kemur á vefsíðu skólans að sérstök áhersla hafi verið lögð á námsmat skólaárið 2009–2010. Mikilvægt er að hafa í huga við næstu skref að upplýsingar um innra mat þurfa að vera ítarlegri og skal í skólanámskrá lýsa þeirri kerfisbundnu aðferð sem notuð er við innra mat.
- b) Kemur fram í skólanámskrá hvernig skólinn hyggst meta markmið skólanámskrár? Nei, markmiðin koma fram en jafnframt þarf að gera grein fyrir tengslum innra mats við skólanámskrá og hvernig markmið hennar eru metin.

Starfsáætlun – árlegar áherslur og áætlun um innra mat

Starfsáætlun samanstendur af tíma- og matsáætlun. Í tímaáætlun eru viðfangsefni innra mats listuð upp og þarf hún að ná til allra helstu þátta í skólastarfinu (sjá *Innra mat grunnskóla* bls. 5) og því er mikilvægt að skólar forgangsraði og dreifi verkefnum yfir 3–5 ára tímabil. Tilgangurinn er tvenns konar, að skipuleggja matsvinnuna og dreifa verkefnum svo matið verði viðráðanlegt og að geta gengið úr skugga um að enginn matsþáttur verði útundan þegar til lengri tíma er litið. Í matsáætlun koma fram markmið með matinu (matsspurningar), hvaða upplýsingum skal safna, frá hverjum, með hvaða aðferðum, hvenær og hvað viðmið skuli notuð við túlkun gagna.

Í Sjálfsmatsáætlun Brekkuskóla birtist lausleg áætlun til sex ára. Við næstu skref þarf að hafa í huga að sjálfsmatsáætlunin falli inn í tímaáætlun starfsáætlunar og að þar komi fram með ítarlegri hætti hvaða þættir skuli metnir hverju sinni. Þess verður að gæta að tímaáætlunin nái til allra helstu þátta skólastarfsins og að áhersla á innra mat varðandi nám og kennslu sé í brennidepli árlega. Í matshluta starfsáætlunar er gerð ítarlegri grein fyrir matsþáttum og áherslum í innra mati þess skólaárs sem starfsáætlunin nær til. Þar skulu skilgreind markmið með matinu, skilgreina hvaða upplýsingum skuli safnað, frá hverjum og hvaða aðferðir verða notaðar til gagnaöflunar, hvenær gögnum er safnað og hvaða viðmið verða notuð við túlkun þeirra.

Starfsfólk skóla ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem þar fer fram og því er mikilvægt að efla innri matsmenningu skólans. Mat gefur upplýsingar um hverju þarf að breyta eða bæta til að ná þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér. Fyrir næstu misseri er mikilvægt að bæta fleiri matsþáttum

inn í matsáætlanirnar (sjá *Innra mat grunnskóla* bls. 5), forgangsraða þeim og virkja starfsfólk til ígrundunar og matsvinnu, t.d. með aðferðum starfendarannsóknna.

Matskýrsla – greinargerð um niðurstöður innra mats

Skólinn þarf opinberlega að birta upplýsingar um niðurstöður innra mats og áætlanir um umbætur. Þar þarf að koma fram lýsing á viðfangsefnum matsins og markmiðum, tilgangi, aðferðum, framkvæmd, viðmiðum, sterkum og veikum hliðum skólastarfsins. Matskýrslan getur haft fjölbreytt birtingarform en algengt er að birta matskýrslur á vefsíðu skóla. Miðað við upplýsingar á vef Brekkuskóla er fyrirhugað að hafa þann hátt á.

Umbótaáætlun

Matið á að leiða til umbóta. Það þýðir að niðurstöður þess á að nota til að vinna að umbótum í skólastarfinu. Það gildir einnig um niðurstöður ytra mats, þær geta eins og áður sagði verið efniviður innra mats og umbóta. Í umbótaáætlun þurfa að koma fram þeir þættir sem þarfnast umbóta, fyrirætlun um hvaða aðgerða á að grípa til, lýsing á hver er ábyrgur fyrir hverri aðgerð, hvenær á hún að komast til framkvæmda og hvenær á að meta hvort aðgerðin hefur leitt til umbóta.

Lokaorð

Innra mat er í eðli sínu umbótaferli sem ekki tekur enda heldur breytingum eftir því sem við á. Ljóst er að í Brekkuskóla er töluverð vinna fyrir höndum varðandi skipulag innra mats en allt virðist á góðri leið. Við þá vinnu er gott að hafa í huga að innra mat er markmiðsbundið, kerfisbundið og samofið öllu skólastarfi. Það er samstarfsmiðað, byggir á traustum upplýsingum, leiðir til umbóta og er opinbert.

Innra mat í Giljaskóla

Matsmenning Giljaskóla virðist í góðri þróun. Gögnin sýna að vandað er til verka og starfsfólk leggur sig fram við að meta skólastarfið með það að markmiði að gera betur og auka gæði skólastarfsins með markvissum og kerfisbundum hætti. Starfsfólk skóla ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fram fer í skólanum og því er mikilvægt að efla jafnt og þétt innri matsmenningu skólans og á þeirri -leið er starfsfólk Giljaskóla.

Skólanámskrá

Í skólanámskrá á að fjalla um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt og gera grein fyrir tengslum innra matsins við skólanámskrá (hvernig markmið hennar eru metin).

- a) Er í skólanámskrá gerð grein fyrir hvernig staðið er að innra mati í skólanum? Já, að nokkru leyti en hana þarf að uppfæra og stendur það til samkvæmt umbótaáætlun.
- b) Kemur fram í skólanámskrá hvernig skólinn hyggst meta markmið skólanámskrár? Nei, þarf að bæta og upplýsa um aðferðina sem notuð er við kerfisbundið innra mat í skólanum og varpa ljósi á með hvaða hætti markmið skólanámskrár eru metin.

Skólanámskrá Giljaskóla http://www.giljaskoli.is/static/files/Skolanamskra_%202008_2009.pdf

Starfsáætlun – árlegar áherslur og áætlun um innra mat

Í starfsáætlun skóla skal gera grein fyrir árlegum áherslu og áætlunum um innra mat. Starfsáætlun samanstendur af tímaáætlun og matsáætlun. Í tímaáætlun eru viðfangsefni innra mats listuð upp og þarf hún að ná til allra helstu þátta skólastarfsins (sjá *Innra mat grunnskóla* bls. 5) og því mikilvægt að

skólar forgangsraði og dreifi verkefnum yfir 3–5 ára tímabil. Tilgangurinn er tvenns konar, að skipuleggja matsvinnuna og dreifa verkefnum svo matið verði viðráðanlegt og að geta gengið úr skugga um að enginn matsþáttur verði útundan þegar til lengri tíma er litið. Í [matsáætlun](#) koma fram markmið með matinu (matsspurningar), hvaða upplýsingum skal safna, frá hverjum, með hvaða aðferðum, hvenær og hvað viðmið skuli notuð við túlkun gagna.

Í árskýrslu Giljaskóla er fjallað um mat á skólastarfi. Nokkuð ítarlega er fjallað um ytra mat og niðurstöður þess og aðeins tæpt á innra mat í tengslum við starfsmannasamtöl.

Sjálfsmatsáætlun Giljaskóla birtir viðfangsefni innra mats og nær tímaáætlunin yfir skólaárið 2010–2011. Sjálfsmatsáætlunin er vísir að starfsáætlun þ.e. sambland af tíma- og matsáætlun. Þar koma fram matsþættir, hvernig gögnum er safnað, hver ber ábyrgð á matsferlinu og hvenær matið fer fram. Uppsetningin er skýr og gefur góða yfirsýn á dreifingu matsþátta á skólaárið. Hafa ber í huga við næstu skref að búa til tímaáætlun þar sem matsþáttum er forgangsraðað og dreift yfir 3–5 ára tímabil til að tryggja góða yfirsýn, gott og viðráðanlegt skipulag og að enginn matsþáttur verði útundan. Þar sem nám og kennsla eru lykilþættir í skólastarfi er mikilvægt að tímaáætlunin endurspegli þá áherslu. Í matsáætlun þarf svo að gera ítarlega grein fyrir matsþáttum og áherslum í innra mati þess skólaárs sem starfsáætlunin nær til. Þar koma fram markmið með matinu, hvaða upplýsingum skuli safnað og frá hverjum, hvaða aðferðir verða notaðar við gagnaöflun, hvenær gögnum verður safnað og hvaða viðmið verða notuð við túlkun þeirra.

Matskýrsla – greinargerð um niðurstöður innra mats

Til þess að innra mat geti talist opinbert þarf skólinn að birta opinberlega upplýsingar um niðurstöður innra mats og áætlanir um umbætur. Það er gert í Giljaskóli með birtingu árskýrslu fyrir skólaárið 2009–2010 á vef skólans. Þar er að finna, eins og áður sagði, góða greinargerð um niðurstöður mats í Giljaskóla. Við gerð matskýrslu ber að hafa í huga að mat gefur upplýsingar um hverju þarf að breyta eða bæta til að ná þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér í stefnu skólans og skólanámskrá og því er mikilvægt að í greinargerðinni sé fjallað um stefnu skólans og þær áherslur og markmið sem tengjast matinu og tilgangi þess. Í greinargerð þarf auk þess að koma fram lýsing á þeim þáttum sem eru viðfangsefni matsins og viðmiðum þar sem við á. Í greinargerðinni þarf að draga á skýran hátt fram hvar styrkleikar skólans liggja og hvar þörf er á umbótum.

Umbótaáætlun

Í umbótaáætlun eru umbætur skilgreindar og skipulagðar. Þar þarf að koma fram með hvaða hætti brugðist er við niðurstöðum ytra og innra mats, hver ber ábyrgð á einstökum aðgerðum, hvenær þær skulu framkvæmdar og hvenær meta eigi hvort árangur hafi náðst.

Umbótaáætlun Giljaskóla er góð og nær yfir flesta þá þætti sem umbótaáætlun eiga að prýða (sjá *Innra mat grunnskóla* bls. 8-9). Í áætlunina vantar að tímasetja hvenær eigi að meta hvort aðgerð hafi verið til bóta og skilað árangri eða ekki.

Lokaorð

Almennt virðist innra mat Giljaskóla í góðum farvegi. Það sem færa má til betri vegar er uppfærsla skólanámskrár þannig að umfjöllun um innra mat eigi við um líðandi stund og nánustu framtíð. Einnig þarf að gæta þess að í skólanámskrá komi fram hvernig skólinn hyggist meta markmið skólanámskrár.

Mikilvægt er að starfsfólk skóla bregðist við ytra mati með innra mati þannig verður ytra mat efniviður til innra mats og markvissra umbóta í skólastarfi. Starfsfólk skóla ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem þar fer fram og því er mikilvægt að efla innri matsmenningu skólans og hvetja kennara og nemendur til að ígrunda og meta daglegt starf (nám og kennsla) og bæta úr þar sem við á. Það má gera með kerfisbundnum hætti t.d. með aðferðum starfendarannsókna. Innra mat í Giljaskóla virðist í góðum farvegi og farsælast að halda áfram þróun innra mats á þeirri leið.

Innra mat í Glerárskóla

Byggt á grundvelli sjálfsmatskýrslu Glerárskóla 2009–2010 er innra mat í Glerárskóla í góðum farvegi. Sjálfsmatskýrslan felur í sér þá þætti sem taldir eru stuðla að farsælu innra mati og umbótum á skólastarfi og er aðgengileg á vefsíðu Glerárskóla <http://www.gler.akureyri.is/>

Skólanámskrá

Skólanámskrá Glerárskóla http://www.gler.akureyri.is/PDF/Skolanamskra_Almennurhluti.pdf

Skólastjórnendur og deildarstjórar Glerárskóla hafa umsjón með að fylgja eftir árlegri endurskoðun á skólanámskrá. Í skólanámskrá á að fjalla um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt og gera grein fyrir tengslum innra matsins við skólanámskrá (hvernig markmið hennar eru metin).

- c) Er í skólanámskrá gerð grein fyrir hvernig staðið er að innra mati í skólanum? Nei, þarf að bæta. Þá mætti t.d. vísa í skýrslu um innra mat þar sem gögnin eru til.
- d) Kemur fram í skólanámskrá hvernig skólinn hyggst meta markmið skólanámskrár? Nei, þarf að bæta og upplýsa um aðferðina sem notuð er við kerfisbundið innra mat.

Starfsáætlun – árlegar áherslur og áætlun um innra mat

Í sjálfsmatskýrslu Glerárskóla sem er ígildi starfsáætlunar (tíma- og matsáætlun) og greinagerðar er lýsing á árlegum áherslum og áætlunum um innra mat. Þar koma fram matsþættir, stefna og markmið, hvaða gögnum er safnað, frá hverjum og hvar, matsaðferðir og matstæki.

Tímaáætlun Glerárskóla nær til allra helstu þátta skólastarfsins. Í töflunni áætlun um mat á skólastarfi 2009–2012 (bls. 25) er matsþáttum raðað niður á þriggja ára tímabil og endurspeglar sú röðun áherslur í skólastarfi og eru lykilþættir skólastarfs, nám og kennsla, á dagskrá innra mats á hverju skólaári í Glerárskóla. Spurningarnar sem koma aftan við áætlunina eru góðar og skerpa á tilgangi matsins. Þar mætti bæta fimmtu spurningunni við (tvíþætt spurning) sem fælist í að spyrja hvort aðgerðin hafi skilað árangri og hvað væri til marks um það? Við matsþættina mætti einnig bæta þróunarstarfi, starfsþróun og viðmóti skólans. Í áætluninni kemur fram að skólastjórnendur og nefnd um mat á skólastarfi beri ábyrgð á matinu en mikilvægt er að ábyrgðaraðilar dreifi ábyrgð og auki hlutdeild starfsfólks í mati. Matið á að vera samstarfsmiðað þannig að starfsfólk, nemendur, foreldrar og aðrir hagsmunaaðilar séu virkir þátttakendur í innra matinu eftir því sem við á.

Aðgerðaráætlun Glerárskóla er að nokkru leyti ígildi matsáætlunarhluta starfsáætlunar. Hún nær yfir veturinn 2010–2011 og lýtur að störfum matsnefndar. Samkvæmt henni er verið að vinna að starfsáætlun (tímaáætlunarhluta) til næstu þriggja ára. Aðgerðaráætlunin getur þjónað hlutverki matsáætlunar ef í henni er gerð ítarleg grein fyrir matsþáttum og áherslum í innra mati þess skólaárs sem áætlunin nær til, hvaða gögnum á að safna, frá hverjum og hvernig. Einnig þarf að koma fram hvenær gögnum verði safnað og hvaða viðmið verði notuð við túlkun þeirra. Viðmið er sá árangur sem stefnt er að og einhugur er um að telst góður árangur.

Matsskýrsla – greinargerð um niðurstöður innra mats

Greinargerð um niðurstöður innra mats fellur inn í sjálfsmatsskýrslu Glerárskóla og er aðgengileg á vefsíðu skólans. Í greinargerðinni kemur fram hver eru viðfangsefni og tilgangur matsins og hvernig stefna skólans og markmið tengjast viðfangsefnunum. Þar er fjallað um aðferðir og framkvæmd innra mats. Gögnin eru fjölbreytt og leitað er eftir sjónarmiðum helstu hagsmunaaðila – þó ber þess að geta að foreldrakannanir voru framkvæmdar af Skóladeild Akureyrar og teljast því til ytra mats. Þá er hlutverk starfsfólks Glerárskóla að bregðast við þeim niðurstöðum með innra mati. Í greinargerðinni er fjallað um niðurstöður innra mats, styrk- og veikleikar greindir og áformað um næstu skref til umbóta. Hvað viðmið varðar eru viðmið sá árangur sem stefnt er að og einhugur er um að teljist góður árangur. Matið felst þá í að bera niðurstöður saman við fyrirfram skilgreind viðmið og finna hvar veik- og styrkleikar liggja. Fyrirfram skilgreind viðmið eiga ekki alltaf við því gögn leiða oft í ljós upplýsingar eða sjónarmið sem ekki er hægt að vita fyrirfram að komi fram en eru samt mikilvægar niðurstöður.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun Glerárskóla er góð og nær yfir flesta þá þætti sem umbótaáætlun eiga að prýða (sjá *Innra mat grunnskóla* bls. 8-9). Í áætlunina vantar að gera grein fyrir því hvenær á að meta hvort aðgerðin hafi skilað árangri. Einnig þarf að gæta þess að umbótaáætlunin sé í samræmi við þá þætti sem þarfnast umbóta samkvæmt greinargerð um niðurstöður innra mats.

Lokaorð

Almennt er innra mat Glerárskóla í góðum farvegi. Það sem færa má til betri vegar er að gæta þess að í skólanámskrá sé vísað í starfsáætlun/matsáætlun um innra mat og að markmið með mati séu sýnileg í áætlunum (aðgerðaráætlun/matsáætlun). Mikilvægt er að hafa leiðbeiningar og viðmið um *Innra mat grunnskóla* til hliðsjónar við skipulag og framkvæmd innra mats og huga að samræmingu hugtaka. Þar sem innra mat er í góðum farvegi mæli ég með því að kafa dýpra í skólastarfið og hvetja kennara og nemendur til að ígrunda og meta daglegt starf (nám og kennslu) og bæta úr þar sem við á. Þetta má gera með kerfisbundnum hætti t.d. með aðferðum starfendarannsókna.

Innra mat í Hlíðarskóla

Í sjálfsmatsskýrslu Hlíðarskóla 2010–2011 birtist matsáætlun fyrir eina matsspurningu, þar er að finna markmið, hvað á að meta, hverjir vinna verkið og hvernig gögnum verður safnað. Áætlunin er vísir í átt að skipulagi innra mats í Hlíðarskóla. Matsnefnd í Hlíðarskóla tók formlega til starfa við skólann 5. janúar 2011.

Vefsíða Hlíðarskóla <http://hlidarskoli.akureyri.is/is>

Skólanámskrá

Skólanámskrá Hlíðarskóla er í endurskoðun samkvæmt bréfi frá skólastjóra 10. febrúar 2011. Í skólanámskrá á meðal annars að birta stefnu skólans og fjalla um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt og gera grein fyrir tengslum innra matsins við skólanámskrá (hvernig markmið hennar eru metin)

- a) Er í skólanámskrá gerð grein fyrir hvernig staðið er að innra mati í skólanum? Svar? Mikilvægt er að gera grein fyrir hvernig staðið er að innra mati í endurskoðaðri skólanámskrá.

- b) Kemur fram í skólanámskrá hvernig skólinn hyggst meta markmið skólanámskrár? Svar? Í endurskoðaðri skólanámskrá þurfa að koma upplýsingar um aðferðina sem notuð er við kerfisbundið innra mat.

Starfsáætlun – árlegar áherslur og áætlun um innra mat

Í Sjálfsmatsskýrslu Hlíðarskóla sem er ígildi starfsáætlunar (tíma- og matsáætlun) og greinargerðar er lýst matsáætlun til eins árs frá 2010–2011. Áætlunin nær til einnar matsspurningar sem viðkemur öryggi og aðbúnaði þeirra er við skólann starfa. Samkvæmt skýrslunni er ætlunin að einbeita sér að tvennu til að fá svar matsspurningunni og kallar fyrri hlutinn (1) á ytra mat en seinni (2) á innra mat (líðan og öryggistilfinning nemenda, foreldra og starfsfólks). Í áætluninni koma fram markmið með matinu, hvað á að meta, hvaða upplýsingum eigi að safna, hvernig og frá hverjum og þar kemur fram hverjir vinna verkið. Í áætluninni kemur fram að leitað verði til starfsmanna ef þurfa þykir en hafa verður í huga við skipulagningu og framkvæmd innra mats að gæta þess að starfsfólk eigi hlutdeild í matinu.

Hlíðarskóli er að stíga fyrstu skrefin í átt að markvissu innra mati og ber áætlunin þess merki. Við gerð næstu starfsáætlunar þarf í matsáætlunarhluta að gera ráð fyrir að meta fleiri þætti sem snerta skólalastarfið, gera ítarlega grein fyrir þeim og forgangsraða í 3–5 ára tímaáætlun. Þar sem nám og kennsla eru lykilþættir í skólalastarfi er mikilvægt að þeir séu ávallt í brennidepli og að tímaáætlun endurspegli þá áherslu. Í starfsáætlun eiga að koma fram matsþættir, markmið, hvaða gögnum er safnað, frá hverjum og hvar, matsaðferðir og matstæki.

Hafa ber í huga að úttekt vinnueftirlits er ytra mat og snertir ekki innra mat skólans á annan hátt en þann að skólinn bregðist við ytra mati vinnueftirlits með innra mati og umbótaferli.

Greinargerð - niðurstöður innra mats

Í gögnum frá Hlíðarskóla er gert ráð fyrir að vinna að gerð matskýrslu í maí og á starfsdögum kennara í byrjun júní ásamt umbótaáætlun. Áætlað er að greinargerð með niðurstöðum mats verði kynnt fyrir foreldrahóp og skólanefnd. Skólinn þarf einnig að birta opinberlega upplýsingar um niðurstöður innra mats og áætlanir um umbætur. Greinargerðin getur verið á fjölbreyttu formi, t.d. rituð skýrsla, glærur með fyrirlestri, ljósmyndir með skýringum, vefsíðu eða samsetningar af þessu öllu.

Umbótaáætlun

Kerfisbundin og regluleg gagnaöflun bætur ekki skólalastarfi ein og sér. Matið á að leiða til umbóta sem þýðir að niðurstöður þess á að nota til að vinna að umbótum í skólalastarfinu. Í umbótaáætlun þarf að koma fram hvaða þættir þarfnast umbóta, til hvaða aðgerða á að grípa, hver er ábyrgur fyrir hverri aðgerð, hvenær hún á að komast til framkvæmda og hvenær eigi að meta hvort aðgerðin hafi skilað ávinningi. Eins og fram hefur komið er stefnt að gerð umbótaáætlunar í Hlíðarskóla í maí og júní og við þá vinnu er mikilvægt að byggja á þeim þáttum sem umbótaáætlun skal innihalda.

Lokaorð

Mikilvægt er að hafa leiðbeiningar og viðmið um *Innra mat grunnskóla* til hliðsjónar við skipulag og framkvæmd innra mats og huga að samræmingu hugtaka. Æskilegt er að næstu skref feli í sér gerð starfsáætlunar með mats- og tímaáætlun fyrir næsta skólaár og einnig til næstu 3–5 ára. Þar ætti að koma fram hvernig matsþáttum er forgangsraðað og skipulagt hvernig og hvaða gögnum eigi að safna, hver eða hverjir taka þátt í söfnun gagna og hverjir bera ábyrgð á að verkið sé unnið. Mikilvægt er að skapa matsmenningu innan skólans sem hvetur starfsfólkið sjálft til markvissrar ígrundunar og

umbótahugsunar þannig að fólk í skólanum finni að það eigi hlutdeild í því umbótastarfi sem unnið er og geti lagt sitt af mörkum til farsæls skólastarfs. Best er að fara skipulega af stað en ekki of geyst.

Innra mat Hríseyjarskóla

Leikskólinn Smábær og Grunnskólinn í Hrísey voru um áramótin 2009-2010 sameinaðir í einn skóla Hríseyjarskóla. Í sjálfsmatáætlun Hríseyjarskóla kemur fram að skólinn hefur ekki þróað með sér kerfisbundið innra mat. Sjálfsmatáætlunin er unnin af skólastjóra í samráði við kennara og starfsfólk skólans.

Vefsíða Hríseyjarskóla <http://gshrisey.akureyri.is/>

Skólanámskrá

Skólanámskrá Hríseyjarskóla birtist ekki á vef skólans, þar er hlekkur merktur skólanámskrá en hann sem virkar ekki. Spurningunum hér að neðan verður ekki svarað nema skólanámskrá sé aðgengileg og það er hún ekki.

- a) Er í skólanámskrá gerð grein fyrir hvernig staðið er að innra mati í skólanum? Skólanámskrá Hríseyjarskóla ekki aðgengileg.
- b) Kemur fram í skólanámskrá hvernig skólinn hyggst meta markmið skólanámskrár? Skólanámskrá Hríseyjarskóla ekki aðgengileg.

Starfsáætlun – árlegar áherslur og áætlun um innra mat

Í sjálfsmatsáætlun Hríseyjarskóla birtist tímaáætlun til fimm ára. Þar eru listaðir upp matsþættir fyrir hvert skólaár. Gott er að færast ekki of mikið í fang til að byrja með en eftir því sem matsmenning innan skólans eflist getur matsþáttum ár hvert fjölgað. Við forgangsröðun verkefna til fimm ára getur verið gagnlegt að hafa til hliðsjónar upptalningu matsþátta í *Innra mat grunnskóla* bls. 5. Sumir matsþættir eru metnir oft á þriggja til fimm ára tímabili en aðrir ef til vill ekki nema einu sinni. Nám og kennsla eru lykilþættir skólastarfsins og því mikilvægt að lögð sé áhersla á þá með einhverjum hætti árlega. Mikilvægt er að þetta áætlunina með áherslum skólans og hafa stefnu hans til hliðsjónar við allt mat.

Í sjálfsmatsáætluninni koma fram matsþættir en þar vantar að gera ítarlega grein fyrir áherslum í innra mati þess skólaárs sem áætlunin nær til. Jákvætt er að í áætluninni er gert ráð fyrir að skrá hver ber ábyrgð á matsþættinum, hvernig staðið verður að söfnun gagna, hver viðmiðin eru og hvernig matinu verður fylgt eftir. Mikilvægt er að þar komi einnig fram skilgreind markmið með matinu og gerð ítarleg grein fyrir hvaða upplýsingum skuli safnað, frá hverjum og hvenær.

Matskýrsla – greinargerð um niðurstöður innra mats

Skólinn þarf opinberlega að birta upplýsingar um niðurstöður innra mats og áætlanir um umbætur. Þar þarf að koma fram lýsing á viðfangsefnum matsins og markmiðum, tilgangur matsins, aðferðir, framkvæmd, viðmið og sterkar og veikar hliðar. Matskýrslan getur haft fjölbreytt birtingarform en algengt er að birta matskýrslur á vefsíðu skóla.

Umbótaáætlun

Niðurstöður mats á að nota til að vinna að umbótum í skólastarfinu. Það gildir einnig um niðurstöður ytra mats, þær geta eins og áður sagði verið efniviður innra mats og umbóta. Í umbótaáætlun þurfa að koma fram þeir þættir sem þarfnast umbóta, til hvaða aðgerða á að grípa, hver er ábyrgur fyrir

hverri aðgerð, hvenær á hún að komast til framkvæmda og hvenær á að meta hvort aðgerðin hefur verið til bóta.

Lokaorð

Í Hríseyjarskóla þarf að leggja grunninn að matsmenningu námssamfélagsins og skipuleggja hvernig kerfisbundnu innra mat skólans verður háttað. Við þá vinnu er gagnlegt að hafa leiðbeiningar og viðmið um *Innra mat grunnskóla* til hliðsjónar við skipulag og framkvæmd innra mats. Huga þarf að samræmingu hugtaka og fara hægt en skipulega af stað.

Brýnast er að búa til þriggja til fimm ára tímaáætlun og forgangsraða matsþáttum. Greinargerð um niðurstöður innra mats þarf að vera opinber t.d. á vefsíðu skólans og á grundvelli niðurstaðna skal setja fram umbótaáætlun til að vinna eftir í framhaldinu.

Innra mat í Lundarskóla

Í Lundarskóla eru margvísleg gögn er varða mat sem gefur vísbendingar um að töluvert starf hafi verið unnið á þeim vettvangi undanfarin ár og ljóst er að starfsfólk skólans leitast við að gera vel í þeim eignum.

Skólanámskrá

Í skólanámskrá á að fjalla um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt og gera grein fyrir tengslum innra matsins við skólanámskrá (hvernig markmið hennar eru metin).

- Er í skólanámskrá gerð grein fyrir hvernig staðið er að innra mati í skólanum? Já, í bekkjar- og skólanámskrá Lundarskóla er að finna áætlun um sjálfsmat Lundarskóla 2010–2015.
- Kemur fram í skólanámskrá hvernig skólinn hyggst meta markmið skólanámskrár? Nei, þarf að bæta og upplýsa um aðferðina sem notuð er við kerfisbundið innra mat.

Í Bekkja- og skólanámskrá 2010–2011 <http://www.lundarskoli.akureyri.is/skolanamskra.htm> er gerð grein fyrir hvernig staðið er að innra mati í skólanum.

Starfsáætlun – árlegar áherslur og áætlun um innra mat

Við Lundarskóla starfar þróunarstjórn sem fundar vikulega og hefur umsjón með framkvæmd innra mats, aflar upplýsinga, vinnur úr niðurstöðum og gerir tillögur að umbótum. Mikilvægt er að þróunarstjórn dreifi ábyrgð varðandi innra mat. Í sjálfsmatsáætlun Lundarskóla (tímaáætlun) eru viðfangsefni mats næstu fimm ára listuð upp. Þar koma fram matsþættir fyrir hvert skólaár, upplýsingar um hvað á að meta og hverjir koma að matinu, aðferðir við gagnaöflun og úrvinnsla. Einnig er lögð áhersla á að meta á hverju skólaári hvernig gangi að uppfylla einkunnarorð skólans. Í áætluninni er stiklað á stóru og til bóta væri að fram kæmu, auk aðalinntaks innra mats hvers skólaárs, upplýsingar um þá þætti skólastarfsins sem skoða á hvert skólaár og forgangsraða þeim til fimm ára (sjá *Innra mat grunnskóla* bls. 5). Við þá skipulagsvinnu er mikilvægt að lykilorð þættir skólastarfs, nám og kennsla, séu metnir með einhverjum hætti hvert skólaár. Á meðal fastra matsþátta eru kannanir í samvinnu við Akureyrbæ. Í því samhengi er gott að skerpa á muninum á ytra og innra mati en sá munur hefur með stöðu matsaðila að gera. Í skýrslunni mætti gera grein fyrir ytri matsaðilum og hvernig niðurstöður þeirra eru notaðar.

Í starfsáætlun Lundarskóla eru sett fram markmið sem ekki snerta áhersluþátt innra mats (jafnrétti í skólastarfi) fyrir skólaárið 2010–2011 samkvæmt sjálfsmatsáætluninni en eru í góðu

samræmi við einkunnarorð skólans (Lundarskóli, þar sem okkur líður vel). Starfsáætlunin er ekki bundin við innra mat heldur koma þar fram margvísleg viðfangsefni og verkferlar í tengslum við þau. Í stefnukorti Lundarskóla koma fram matþættir, markmið og leiðir að þeim.

Matskýrsla – greinargerð um niðurstöður innra mats

Í matskýrslu Lundarskóla 2009–2010 (Lundarskóli þar sem okkur líður vel) birtist greinargóð lýsing á viðfangsefni matsins en það tengist einkunnarorðum skólans. Þar birtast tilgangur og markmið með matinu, hverjir koma að því, hvað aðferðir eru notaðar við gagnaöflun, hver viðmiðin eru og hverjar eru sterkar og veikar hliðar. Matskýrslan er góð greinargerð um innra mat varðandi einkunnarorð skólans en næstu skref eru að meta með kerfisbundnum hætti fleiri þætti skólastarfsins og gera grein fyrir þeim á svipaðan hátt.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun Lundarskóla er kafli í matskýrslu Lundarskóla 2009–2010 og er gerð með hliðsjón af niðurstöðum innra matsins. Þar koma fram þeir þættir sem þarfnast umbóta og til hvaða aðgerða á að grípa. Í umbótaáætlun þarf auk þess að koma fram hver er ábyrgur fyrir hverri aðgerð, hvenær hún verður framkvæmd og hvenær eigi að meta hvort aðgerðin hafi skilað árangri.

Lokaorð

Almennt má segja að innra mat í Lundarskóla sé í góðum farvegi. Brýnast er að meta fleiri þætti skólastarfsins með kerfisbundnum hætti en áður hefur verið gert en um leið að fara ekki of geyst. Æskilegt er að búa til ítarlegri tímaáætlun sem snertir fleiri þætti skólastarfsins og forgangsraða þeim á 3–5 ára tímabil. Gæta verður þess einnig að greina á milli ytra og innra mats en nýta niðurstöður ytra matsins við innra mat auk þess að leita leiða til að virkja starfsfólk, nemendur, foreldra og aðra hagsmunaaðila til hlutdeildar í innra matinu. Umbótaáætlun þarf að vera nákvæmari.

Innra mat Naustaskóla

Naustaskóli hóf starfsemi haustið 2009 og er nú á sínu öðru starfsári. Samkvæmt starfsáætlun og sjálfsmatsáætlun Naustaskóla er eitt af markmiðum núlíðandi vetrar (2010–2011) að koma innra mati á skólastarfi í viðeigandi form og vinna áætlun þar um og er sú vinna í fullum gangi samkvæmt bréfi frá skólastjóra (01.02.11). Við þá vinnu er gagnlegt að hafa til hliðsjónar leiðbeiningar og viðmið um innra mat grunnskóla sem gefnar eru út af sambandi íslenskra sveitarfélaga (sjá slóð hér ofar í texta). Mikilvægt er að samræma hugtök varðandi innra mat og einnig hvar upplýsingar um fyrirkomulag innra mats skóla er að finna. Í Naustaskóla er gert ráð fyrir að við skipulag innra mats verði „stefnumiðað árangursmat“ nýtt auk ákveðinna þátta úr matstækinu Gæðagreinum.

Skólanámskrá

Skólanámskrá Naustaskóla er ekki tilbúin en í skólanámskrá á að fjalla um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt og gera grein fyrir tengslum innra matsins við skólanámskrá (hvernig markmið hennar eru metin).

- a) Er í skólanámskrá gerð grein fyrir hvernig staðið er að innra mati í skólanum? Nei.
- b) Kemur fram í skólanámskrá hvernig skólinn hyggst meta markmið skólanámskrár? Nei.

Þessi atriði koma að nokkur leyti fram í starfsáætlun Naustaskóla í tengslum við stefnu og markmið skólans.

Starfsáætlun – árlegar áherslur og áætlun um innra mat

Í starfsáætlun Naustaskóla koma stefna skólans og áherslur hans vel fram, hvaða markmið eru sett og hvaða leiðir skólinn hyggst fara til að ná settu marki. Í skólanámskrá og/eða starfsáætlun þarf einnig að lýsa þeirri kerfisbundu aðferð sem notuð er til þess að meta leiðirnar að markmiðunum.

Starfsáætlun Naustaskóla http://naustaskoli.is/static/files/2010_2011/starfsaaetlun_2010_2011.pdf

Í sjálfsmatsáætlun Naustaskóla er lýst matsaðgerðum til eins skólaárs (2010–2011). Samkvæmt áætluninni skal stefna skólans höfð til hliðsjónar við allt mat. Í áætluninni koma fram matsþættir en þar vantar að upplýsa um markmið. Fram kemur í áætluninni með hvernig gagna er aflað en ekki í hvaða skyni, þ.e. hver tilgangurinn er. Fram kemur hvenær gögnum verður safnað, frá hverjum og hverjir bera ábyrgð á úrvinnslu. Í áætlunina vantar að upplýsa hvaða viðmið verða notuð við túlkun gagna. Samkvæmt áætluninni er skipulag innra mats á dagskrá sjálfsmatsáætlunar og tekur skólaráð og starfsfólk þátt í þeirri vinnu á tímabilinu október–febrúar. Form skorkortsins nær til þeirra þátta sem prýða eiga kerfisbundið mat og er góð grind að horfa til við skipulagningu og gerð áætlunar um innra mat.

Ekki er raunhæft að skoða alla þætti skólastarfsins á einu skólaári og því þarf að gera með áætlun um dreifingu matsþátta yfir 3–5 ára tímabil og forgangsraða þeim. Sumir matsþættir eru metnir oft á þriggja til fimm ára tímabili en aðrir ef til vill ekki nema einu sinni. Nám og kennsla eru lykilþættir skólastarfsins og því mikilvægt að lögð sé áhersla á þá með einhverjum hætti árlega.

Matskýrsla – greinargerð um niðurstöður innra mats

Skólinn þarf opinberlega að birta upplýsingar um niðurstöður innra mats og áætlanir um umbætur. Þar þarf að koma fram lýsing á viðfangsefnum matsins og markmiðum, tilgangur matsins, aðferðir, framkvæmd, viðmið og sterkar og veikar hliðar. Matskýrslan getur haft fjölbreytt birtingarform en algengt er að birta matskýrslur á vefsíðu skóla. Í Naustaskóla eru matsgögn og skýrslur birtar á vefsíðu skólans og öllum opinberar. Í árskýrslu Naustaskóla sem skrifuð er að vori eru dregnar saman niðurstöður innra mats og settar fram tillögur til úrbóta fyrir næsta skólaár.

Matsgögn og skýrslur Naustaskóli

http://naustaskoli.is/page/matsgogn_skyrslur

Umbótaáætlun

Samkvæmt sjálfsmatsáætlun Naustaskóla verður umbótaáætlun hluti af ársskýrslu. Niðurstöður mats á að nota til að vinna að umbótum í skólastarfinu. Það gildir einnig um niðurstöður ytra mats, þær geta eins og áður sagði verið efniviður innra mats og umbóta. Í umbótaáætlun þurfa að koma fram þeir þættir sem þarfnast umbóta, til hvaða aðgerða á að grípa, hver er ábyrgur fyrir hverri aðgerð, hvenær hún á að koma til framkvæmda og hvenær á að meta hvort aðgerð hefur verið til bóta.

Lokaorð

Í Naustaskóla er kapp lagt á að koma innra mati í gott skipulag og grunnurinn lofar góðu. Gagnlegt er að hafa leiðbeiningar og viðmið um *Innra mat grunnskóla* til hliðsjónar við skipulag og framkvæmd innra mats og [huga að samræmingu hugtaka](#).

Innra mat í Oddeyrarskóla

Á grundvelli skýrslunnar *Mat á skólastarfi* er innra mat í Oddeyrarskóla í góðum farvegi. Skýrslan felur í sér marga þá þætti sem taldir eru stuðla að farsælu innra mati. Í Oddeyrarskóla starfar matshópur sem samanstendur af skólastjóra og tveimur deildarstjórum skólans og er hlutverk hans að ákveða hvaða þættir skólastarfs skuli leggja áherslu á að meta hvert skólaár.

Skólanámskrá

Skólanámskrá Oddeyrarskóla

<http://www.oddak.akureyri.is/skolanámskrá%202009-10lokautgafa.pdf>

Í skólanámskrá á að fjalla um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt og gera grein fyrir tengslum innra matsins við skólanámskrá (hvernig markmið hennar eru metin).

- a) Er í skólanámskrá gerð grein fyrir hvernig staðið er að innra mati í skólanum? Nei, þarf að bæta. Má vísa í skýrslu um mat á skólastarfi þar sem gögnin eru til.
- b) Kemur fram í skólanámskrá hvernig skólinn hyggst meta markmið skólanámskrár? Nei, þarf að bæta og upplýsa um aðferðina sem notuð er við kerfisbundið innra mat. Má vísa í skýrslu um mat á skólastarfi þar sem gögnin eru til.

Starfsáætlun – árlegar áherslur og áætlun um innra mat

Í matskýrslu Oddeyrarskóla sem er ígildi starfsáætlunar kemur fram tíma- og matsáætlun, vísir að greinargerð og umbótaáætlun. Þar er lýst áætlun um innra mat til fjögurra ára og nær áætlunin til allra helstu þátta skólastarfsins. Í áætluninni er matsþátturinn nám og kennsla á dagskrá þriggja skólaára en þar sem um er að ræða lykilþætti í skólastarfi er eðlilegt að meta nám og kennslu með einhverjum hætti hvert skólaár. Vætanlega vantar bara að haka við skólaárið 2011–2010 ef miðað er við lýsingu á matsþætti. Mikilvægt er að endurskoða tímaáætlunina og uppfæra eftir þörfum.

Huga þarf að uppsetningu matskýrslunnar en hún getur verið skipulegri og þá um leið aðgengilegri. Ekki er viðeigandi að fjalla ítarlega um matsþætti, markmið og tilgang í inngangi, þessir þættir eiga heima í matsáætlun/matsnálgun – aðferðafræði kafla. Í inngangi ætti að fjalla almennt um innra mat og gildi þess fyrir skólastarf og t.d. segja frá matsnefndinni og gildi þess að efla matsmenningu innan skólans til eflingar skólastarfs. Í matsáætlun á að gera ítarlega grein fyrir matsþáttum og áherslum í innra mati þess skólaárs sem áætlunin nær til. Skilgreina þarf markmið með matinu og hvaða upplýsingum skuli safnað, frá hverjum og með hvaða hætti, hvenær gögnum verði safnað og hvaða viðmið verði notuð við túlkun þeirra. Í kaflanum *Niðurstöður – inngangur* er lýst ágætu ferli sem hægt er að fylgja til þess að gera ítarlega grein fyrir hverjum þætti skólastarfs sem skoðaður er það ár sem matsáætlunin nær til. Fyrstu þrjú liðirnir í ferlinu eiga ekki síður heima í matsáætlun en niðurstöðukafla.

Matskýrsla – greinargerð um niðurstöður innra mats

Skólanum er ætlað að birta opinberlega upplýsingar um niðurstöður innra mats og áætlanir um umbætur. Matskýrsla getur haft fjölbreytt birtingarform en algengt er að birta matskýrslur á vefsíðu skóla. Í matskýrslu Oddeyrarskóla er gert ráð fyrir kafla þar sem greint er frá niðurstöðum innra mats. Þar birtist eins og áður sagði ágætis ferli við að gera grein fyrir þeim matsþáttum sem eru í brennidepli það skólaárið. Í matskýrslu þarf að fjalla um stefnu og markmið skólans og tengsl við þá

Þætti skólastarfs sem eru viðfangsefni matsins, upplýsa um tilgang og markmið matsins og gera grein fyrir þeim aðferðum sem notaðar eru við gagnaöflun, hvaðan upplýsingarnar eru fengnar, hver viðmiðin eru, þar sem það á við og greina styrkleika og hvar umbóta er þörf.

Umbótaáætlun

Matið á að leiða til umbóta. Það þýðir að niðurstöður þess á að nota til að vinna að umbótum í skólastarfinu. Það gildir einnig um niðurstöður ytra mats, þær geta verið efniviður innra mats og umbóta. Í umbótaáætlun þurfa að koma fram þeir þættir sem þarfnast umbóta, til hvaða aðgerða á að grípa, hver er ábyrgur fyrir hverri aðgerð, hvenær hún á að komast til framkvæmda og hvenær á að meta hvort aðgerðin hafi skilað árangri. Í matsáætlun Oddeyrarskóla er formlega reiknað með umbótaáætlun eða annarri niðurstöðu eftir því sem við á við hvern matsþátt sem er vel. Heildstæð umbótaáætlun nær þá til þeirra matsþátta sem samkvæmt greinargerð um innra mat þarf að bæta.

Lokaorð

Ljóst er að í Oddeyrarskóla er töluverð vinna er fram undan varðandi skipulag innra mats en allt er á góðri leið. Innra mat er í eðli sínu umbótaferli sem ekki tekur enda heldur breytingum eftir því sem við á. Gott getur verið að hafa leiðbeiningar og viðmið um *Innra mat grunnskóla* til hliðsjónar og stuðnings við skipulag og framkvæmd innra mats og huga að samræmingu hugtaka.

Matið þarf að vera samstarfsmiðað þannig að starfsfólk, nemendur, foreldrar og aðrir hagsmunaaðilar séu virkir þátttakendur í innra matinu eftir því sem við á. Eitt af hlutverkum matshóps gæti verið að efla innri matsmenningu skólans og auka hlutdeild starfsfólks í innra mati t.d. með aðferðum starfendarannsókna.

Lokaorð

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda og hefur þann tilgagna að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Markmið mats og eftirlits er einkum þríþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun og bera skólarnir sjálfir ábyrgð á innra mati (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Ráðgjöfinni var ætlað að gefa upplýsingar um stöðu innra mats í hverjum skóla á grundvelli viðmiða um innra mat í skólum og hverju mætti breyta eða bæta til að ná þeim markmiðum sem sett eru með skólastarfinu. Megintilgangur mats á skólastarfi er að bæta skólastarf og vera leiðarljós til skólaþróunar. Með mati eru greindar þarfir skólans fyrir breytingar og umbætur með hagsmuni nemenda að leiðarljósi (Rúnar Sigbórsson, Börkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Mel West, 1999). Mati er þannig ætlað að skilgreina styrkleika og veikleika, draga fram það góða og benda á það sem betur má fara. Upplýsingarnar eru síðan notaðar til að bæta skólastarfið, breyta einhverju, taka upp eitthvað nýtt, hætta einhverju eða rökstyðja óbreytt fyrirkomulag. Niðurstöður matsins eru þannig mikilvægt tæki til að nota við ákvarðanatöku (Gerður G. Óskarsdóttir, 1999). Hlutverk mats getur einnig verið að öðlast yfirsýn yfir skólastarfið án þess að hafa uppi áætlanir um að breyta einhverju í kjölfar þess.

Mikilvægt er að hvetja nemendur og starfsfólk til markvissrar ígrundunar með það að leiðarljósi að bæta skólastarfið með sérstakri áherslu á nám og kennslu. Þess verður að gæta að öflun gagna verði meira en einungis vinnan við söfnunina og matsferlið klárað með mati á framkvæmd umbótaáætlunar áður en lagt er af stað á ný og stefnan þá tekin á grundvelli matsins. Lykilatriðið er að vita hvers vegna meta á skólastarfið í heild eða ákveðna þætti þess. Liggja þarf fyrir hugmynd um hvaða upplýsingum á að ná fram, til hvers matið á að leiða og hvað eigi að koma út úr því. Það þarf að vanda sig við matsferlið og smám saman eflist matsmenning innan skóla og til verður virkur vettvangur til skólaþróunar.

Verkefnið var ánægjulegt og samstarf við skólastjóra og/eða aðstoðarskólastjóra gott. Ljóst er að í skólunum er áhugi og vilji til að þróa innra mat í farveg sem getur stuðlað, með hverjum degi, að farsælla skólastarfi.

Akureyri 6.júní 2011

Fyrir hönd Miðstöðvar skólaþróunar HA

Sólveig Zophoníasdóttir.

Heimildaskrá

Björk Ólafsdóttir. (án árs). *Innra mat grunnskóla. Leiðbeiningar og viðmið fyrir mat sveitarfélags á innra mati grunnskóla*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Coghlan, D. og Brannick, T. (2010). *Doing action research in your own organization* (3. útg.). London: SAGE.

Gerður G. Óskarsdóttir. (1999). *Mat á skólastarfi — Hvað og hvernig?* Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Jón Baldvin Hannesson, Rósa Eggertsdóttir og Rúnar Sigbórsson. (2002). *Aukin gæði náms. Skóli sem lærir*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti*. Reykjavík, Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

McNiff, J., og Whitehead, J. (2006). *All you need to know about action research*. London: Sage.

Rúnar Sigbórsson, Börkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Mel West. (1999). *Aukin gæði náms - Skólaþróun í þágu nemenda*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Sigurlína Davíðsdóttir. (2008). *Mat á skólastarfi. Handbók um matsfræði*. Reykjavík: Hólar.